



## 28. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

**Dagsetning:** 11. desember 2012, kl. 17:00

---

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 28. fundar þriðjudaginn 11. desember 2012 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2013 – síðari umræða
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2014-2016 – síðari umræða.
3. Áætlun um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðunum reglugerðar um fjárhagslegt viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. – síðari umræða.
4. Fundargerðir:
  - a. Bæjarráð frá 26. nóvember 2012
  - b. Bæjarráð frá 6. desember 2012
  - c. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 26. nóvember 2012
  - d. Fræðslunefnd frá 4. desember 2012
5. Tillaga um úttekt á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaga

### Afgreiðslur:

#### 1. **Fjárhagsáætlun 2013 – síðari umræða**

Lögð fram fjárhagsáætlun 2013 til síðari umræðu. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri, stiklaði á stóru í stefnuræðu sinni sem lögð var fram á fundinum. Fjármálastjóri Blönduósbæjar, Valgerður Hilmarsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson, endurskoðandi bæjarins, mættu á fundinn og svöruðu spurningum varðandi áætlunina og breytingar á henni frá fyrri umræðu. Miklar umræður urðu um áætlunina.

Forseti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun:

*„ Fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2013 var unnin af bæjarráði í góðri samvinnu meiri- og minnihluta. Tekjur vaxa um rúmar 47 milljónir frá fjárhagsáætlun 2012 en gjöld um 46 milljónir. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um tæpar 39 milljónir sem er svipuð niðurstaða og áætlun 2012 gerir ráð fyrir. Framlegð frá rekstri er áætluð 12,22% sem sýnir að reksturinn er í ásættanlegu horfi og veltufé frá rekstri verður um 8,5%. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að skuldir samstæðunnar lækki. Stefnt er að sölu einnar íbúðar en sveitarfélagið á 34 íbúðir.*



*Þá eru lagðir fjármunir til viðhalds og kaupa á búnaði í öllum deildum. Fjárfestingar vaxa á milli ára eins og stefnt var að í langtímaáætlun 2013-2016 en mest fer í framkvæmdir í Félagsheimilinu sem kosta um 10 milljónir króna.*

*Bæjarstjórn vill þakka bæjarráði og starfsmönnum Blönduósbæjar fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki fjárhagsáætlunnar. Bæjarstjórn hefur átt gott samstarf við alla aðila við vinnu og þeirri stefnumörkun sem felst í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2013.“*

Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkir eftirfarandi álagningastofna fasteignagjalda og útsvarshlutfall sveitarfélagsins:

### **Álagning fasteignaskatts:**

**A-hluti** fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,43% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

**A-hluti** fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,43% af hús- og lóðarmati. Lækkar úr 1,55% frá fyrra ári.

**B-hluti** fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

**C-hluti** fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,55% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

**Vatnsgjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,30% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

**Holræsagjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati. Er óbreytt frá fyrra ári.

**Lóðarleiga** fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 0,55 kr. á fm að lágmarki 7.260 kr. Er óbreytt frá fyrra ári.

### **Sorpgjöld:**

Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 18.700,-

Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 18.700,-

Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 18.700,-

**Útsvar:** Útsvarshlutfall 14,48%

Að þessu loknu var fjárhagsáætlun 2013 og gjaldskrá bæjarins borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.



## **2. Þriggja ára fjárhagsáætlun 2014-2016 – Síðari umræða:**

Lögð var fram 3ja ára fjárhagsáætlun Blönduósbæjar fyrir árin 2014-2016. Síðari umræða. Nokkrar umræður urðu um áætlunina en að henni lokinni var áætlunin borin undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum en 3 sátu hjá.

## **3. Áætlun um aðlögun að fjárhagslegum viðmiðunum reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. – síðari umræða:**

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri, lagði fram drög að áætlun sem send verður til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Miklar umræður urðu um áætlunina. Að henni lokinni vísaði forseti áætluninni til endanlegrar úrvinnslu hjá bæjarstjóra út frá þeim breytingum og áherslum sem fram komu á fundinum hjá bæjarfulltrúum. Það var samþykkt með 4 atkvæðum, 3 sátu hjá.

Valgerður og Þorsteinn yfirlögðu hér fundinn.

## **4. Fundargerðir:**

### **a. Bæjarráð frá 26. nóvember 2012**

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **b. Bæjarráð frá 6. desember 2012**

Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum nokkrum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **c. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 26. nóvember 2012**

Fundargerðin er í þremur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **d. Fræðslunefnd frá 4. desember 2012**

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var 1. liður fundargerðinnar borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum og að því loknu var fundargerðarin borin undir atkvæði og samþykktur samhljóða með 7 atkvæðum.

## **5. Tillaga um úttekt á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaga**

Forseti bæjarstjórnar leggur fram eftirfarandi tillögu:

*„Bæjarstjórn Blönduósbæjar óskar eftir samstarfi við sveitarstjórn Húnavatnshrepps um að unnin verði úttekt á kostum og göllum þess að sameina þessi tvö sveitarfélög í eitt.*



*Blönduósarbær og Húnavatnshreppur hafa nú þegar samstarf um mörg verkefni og hafa þau starfað náið saman í mörg ár. Því er rökrétt framhald á þeirri vinnu að skoða með hvaða hætti sameiginlegt sveitarfélag gæti tekist á við krefjandi verkefni sem framundan eru á næstu árum með það að markmiði að styrkja og efla byggð í Austur-Húnavatnssýslu.“*

Tillagan var síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:30.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)